

Fundargerð 275. fundar sveitarstjórnar Flóahrepps

Fundarstaður: Fundað í fjarfundarbúnaði
Fundardagur: Þriðjudagur 7. febrúar 2023
Fundartími: 9:00-11:30
Fundarmenn: Árni Eiríksson oddviti
Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri
Walter Fannar Kristjánsson
Harpa Magnúsdóttir
Elín Höskuldsdóttir

Árni Eiríksson oddviti setti fund, bauð fundargesti velkomna og leitaði athugasemda við fundarboð. Engar athugasemdir gerðar. Óskað eftir því að bæta við fundardagskrá umsagnarbeiðni um leyfi til sölu áfengis á framleiðslustað. Samþykkt að bæta því við undir lið 12. Hulda Kristjánsdóttir ritaði fundargerð.

1. Kynning frá lögreglustjóra og Almannavörnum á Suðurlandi

Kynningu frestað vegna veðurs.

2. Fundargerð skipulagsnefndar nr. 252, dags. 11.01.2023

a) Skálmholt land G L199351; Fyrirspurn – 2212096

Lögð er fram beiðni frá Kolbeini Þór Sigurðssyni er varðar heimild til deiliskipulagsgerðar á landi Skálmholts land G, L199351.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að ekki verði gerð athugasemd við framlagða fyrirspurn. Landnotkun svæðisins samkvæmt aðalskipulagi er landbúnaðarsvæði. Samkvæmt flokkun landbúnaðarlands virðist landið falla í flokk 4 - annað land. Við gerð deiliskipulagsáætlunar fyrir landið skal horfa til skilmála aðalskipulags Flóahrepps er varðar landbúnaðarland auk annarra takmarkanna s.s. varðandi fjarlægð frá stofn- og tengivegum, minjaskráningar, veitna, umhverfisáhrifa, aðkomu og/eða annarra kvaða sem gætu tekið til svæðisins.

Fyrir liggur beiðni frá Kolbeini Þór Sigurðssyni er varðar heimild til deiliskipulagsgerðar á landi Skálmholts land G, L199351.

Sveitarstjórn Flóahrepps gerir ekki athugasemd við framlagða fyrirspurn. Landnotkun svæðisins samkvæmt aðalskipulagi er landbúnaðarsvæði. Samkvæmt flokkun landbúnaðarlands virðist landið falla í flokk 4 - annað land. Við gerð deiliskipulagsáætlunar fyrir landið skal horfa til skilmála aðalskipulags Flóahrepps er varðar landbúnaðarland auk annarra takmarkanna s.s. varðandi fjarlægð frá stofn- og tengivegum, minjaskráningar, veitna, umhverfisáhrifa, aðkomu og/eða annarra kvaða sem gætu tekið til svæðisins.

Samþykkt með 5 atkvæðum

b) Lynghæð L196512; Deiliskipulagsbreyting – 2206038

Lögð er fram umsókn frá Þorvaldi Árnasyni er varðar breytingu á deiliskipulagi Lynghæðar L196512. Málinu var synjað á fundi sveitarstjórnar 5.7.2022. Nýr uppdráttur lagður fram til afgreiðslu. Í breytingunni felst ný skilgreining byggingarreita innan lóðar og uppfærsla á byggingarheimildum. Áður skilgreindum byggingarreitum fækkar um einn. Skilgreindir eru þrír nýir byggingarreitir fyrir gestahús neðan við núverandi skemmu og nýr reitur fyrir útihús suðvestan við núverandi skemmu.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að viðkomandi breytingar á deiliskipulagi svæðisins verði samþykkt. Málið fái málsmeðferð á

grundvelli 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar breytingar á deiliskipulagi.

Fyrir liggur umsókn frá Þorvaldi Árnasyni er varðar breytingu á deiliskipulagi Lynghæðar L196512. Málinu var synjað á fundi sveitarstjórnar 5.7.2022. Nýr uppdráttur lagður fram til afgreiðslu. Í breytingunni felst ný skilgreining byggingarreita innan lóðar og uppfærsla á byggingarheimildum. Áður skilgreindum byggingarreitum fækkar um einn. Skilgreindir eru þrír nýir byggingarreitir fyrir gestahús neðan við núverandi skemmu og nýr reitur fyrir útihús suðvestan við núverandi skemmu.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir viðkomandi breytingar á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar breytingar á deiliskipulagi.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

3. Fundargerð skipulagsnefndar nr. 253, dags. 25.01.2023

a) Loftstaðir-Vestri; verslunar- og þjónustusvæði; Deiliskipulag – 2204020

Lögð er fram tillaga er varðar nýtt deiliskipulag innan jarðarinnar Loftstaðir-Vestri eftir auglýsingu. Innan deiliskipulagsins er gert ráð fyrir heimildum er varðar uppbyggingu á allt að 11 gistihúsum, 40-75 fm að stærð hvert, auk þess sem gert er ráð fyrir heimild fyrir uppbyggingu þjónustuhúss allt að 120 fm að stærð. Auk þess er gert ráð fyrir heimild fyrir uppsetningu tjalda til útleigu fyrir gistingu, annars vegar 22 fm að stærð og hins vegar 48 fm að stærð. Umsagnir bárust á auglýsingatíma tillögurnar og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins ásamt uppfærðum gögnum. Breytingar hafa verið gerðar á deiliskipulagstillögunni eftir auglýsingu. Skipulagssvæðið er stækkað töluvert frá fyrri tillögu m.a. með það að markmið að færa uppbyggingarsvæðið fjær Loftstöðum-Eystri og til að taka tillit til fornleifa innan skipulagssvæðisins. Byggingarreitum fjölga en byggingarmagn og fjöldi bygginga er óbreyttur.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Nefndin telur að brugðist hafi verið við umsögnum sem bárust vegna málsins með fullnægjandi hætti innan gagnanna. Að mati nefndarinnar eru breytingar sem gerðar voru á skipulagstillögunni eftir auglýsingu ekki þess eðlis að ástæða sé til að auglýsa tillöguna á nýjan leik þar sem umfang og gerð bygginga eru óbreytt og stækkun skipulagssvæðisins er innan marka Lofstaða-Vestri án þess að hafa áhrif á aðliggjandi jarðir eða nágranna. Nefndin mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Fyrir liggur tillaga er varðar nýtt deiliskipulag innan jarðarinnar Loftstaðir-Vestri eftir auglýsingu. Innan deiliskipulagsins er gert ráð fyrir heimildum er varðar uppbyggingu á allt að 11 gistihúsum, 40-75 fm að stærð hvert, auk þess sem gert er ráð fyrir heimild fyrir uppbyggingu þjónustuhúss allt að 120 fm að stærð. Auk þess er gert ráð fyrir heimild fyrir uppsetningu tjalda til útleigu fyrir gistingu, annars vegar 22 fm að stærð og hins vegar 48 fm að stærð. Umsagnir bárust á auglýsingatíma tillögurnar og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins ásamt uppfærðum gögnum. Breytingar hafa verið gerðar á deiliskipulagstillögunni eftir auglýsingu. Skipulagssvæðið er stækkað töluvert frá fyrri tillögu m.a. með það að markmið að færa uppbyggingarsvæðið fjær Loftstöðum-Eystri og til að taka tillit til fornleifa innan skipulagssvæðisins. Byggingarreitum fjölga en byggingarmagn og fjöldi bygginga er óbreyttur.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Sveitarstjórn telur að brugðist hafi verið við umsögnum sem bárust vegna málsins með fullnægjandi hætti innan gagnanna. Að mati sveitarstjórnar eru breytingar sem gerðar voru á skipulagstillögunni eftir auglýsingu ekki þess eðlis að ástæða sé til að auglýsa tillöguna á nýjan leik þar sem umfang og gerð bygginga eru óbreytt og stækkun skipulagssvæðisins er innan marka Lofstaða-Vestri án þess að hafa áhrif á aðliggjandi jarðir eða nágranna. Deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

b) Krækishólar; Breytt landnotkun; Aðalskipulagsbreyting – 2209025

Lögð er fram tillaga aðalskipulagsbreytingar sem tekur til lands Krækishóla. Í breytingunni felst breyting á landnotkun úr frístundasvæði í íbúðarsvæði. Samhliða er lögð fram tillaga deiliskipulagsbreytingar sem tekur til sama svæðis. Skipulagslýsing var í kynningu frá 17.11. - 9.12.22. Umsagnir sem bárust við lýsingu er lagðar fram við afgreiðslu málsins.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja tillögu aðalskipulagsbreytingar til kynningar í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um lagfæringar á gögnum. Nefndin mælist til þess að málið verði sérstaklega kynnt lóðarhöfum innan svæðisins sem breytingin tekur til.

Fyrir liggur tillaga aðalskipulagsbreytingar sem tekur til lands Krækishóla. Í breytingunni felst breyting á landnotkun úr frístundasvæði í íbúðarsvæði. Samhliða er lögð fram tillaga deiliskipulagsbreytingar sem tekur til sama svæðis. Skipulagslýsing var í kynningu frá 17.11. - 9.12.22. Umsagnir sem bárust við lýsingu er lagðar fram við afgreiðslu málsins.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir tillögu aðalskipulagsbreytingar til kynningar í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um lagfæringar á gögnum. Sveitarstjórn leggur áherslu á að málið verði kynnt sérstaklega þeim lóðarhöfum innan svæðisins sem breytingin nær til.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

c) Krækishólar; Frístundasvæði í íbúðarsvæði; Deiliskipulagsbreyting – 2209023

Lögð er fram tillaga deiliskipulagsbreytingar á deiliskipulagi frístundasvæðis við Krækishóla. Í breytingunni felst að frístundasvæði breytist í íbúðarsvæði. Breytingin er í takt við sambærilega umsókn um breytingu á aðalskipulagi Flóahrepps vegna Krækishóla.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að viðkomandi breyting á deiliskipulagi svæðisins verði samþykkt með fyrirvara um lagfærð gögn. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar breytingar á deiliskipulagi og verði auglýst samhliða tillögu aðalskipulagsbreytingar þegar hún hefur verið samþykkt til auglýsingar í sveitarstjórn. Nefndin mælist til þess að málið verði sérstaklega kynnt lóðarhöfum innan svæðisins sem breytingin tekur til.

Fyrir liggur tillaga deiliskipulagsbreytingar á deiliskipulagi frístundasvæðis við Krækishóla. Í breytingunni felst að frístundasvæði breytist í íbúðarsvæði. Breytingin er í takt við sambærilega umsókn um breytingu á aðalskipulagi Flóahrepps vegna Krækishóla.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir viðkomandi breytingu á deiliskipulagi svæðisins með fyrirvara um lagfærð gögn. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar breytingar á deiliskipulagi og verði auglýst

samhliða tillögu aðalskipulagsbreytingar fyrir sama svæði. Sveitarstjórn leggur áherslu á að málið verði kynnt sérstaklega þeim lóðarhöfum innan svæðisins sem breytingin nær til.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

- 4. Afgreiðslufundur byggingafulltrúa nr. 177, dags. 18.01.2023 og nr. 178, dags. 01.02.2023**
Afgreiðslur lagðar fram til kynningar.

5. Húsnæðisáætlun Flóahrepps 2023

Fyrir liggur húsnæðisáætlun Flóahrepps fyrir árið 2023. Samkvæmt reglugerð um húsnæðisáætlanir sveitarfélaga nr. 1248/2018 ber sveitarfélögum að hafa húsnæðisáætlanir. Áætlunin hefur verið yfirfarin af Húsnæðis- og mannvirkjastofnun og þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar. Í áætluninni er gert ráð fyrir að íbúum Flóahrepps fjölgi og er mannfjöldaspa sett upp í lágspá, miðspá og háspá þar sem minnsta áætlaða íbúafjölgunin er 45 íbúar og mesta áætlaða íbúafjölgunin 145 íbúar á árunum 2023-2032. Samkvæmt markmiðum rammisamnings milli ríkis og sveitarfélaga um íbúðaruppbyggingu á árunum 2023-2032 skal gert ráð fyrir að 5% af áætlaðri íbúðarþörf skuli vera félagslegar íbúðir á vegum sveitarfélaga og hagkvæmt húsnæði á viðráðanlegu verði 30% af áætlaðri íbúðarþörf. Sveitarstjórn samþykkir framlagða húsnæðisáætlun Flóahrepps 2023 og verður hún birt á heimasíðu Flóahrepps.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

6. Erindi frá Innviðaráðuneyti – Ósk um umsögn vegna beiðni um undanþágu frá skipulagsreglugerð

Fyrir liggur erindi frá Innviðaráðuneyti sem byggir á bréfi frá Umhverfis- og tæknisviði Uppsveita fyrir hönd Flóahrepps varðandi beiðni um undanþágu vegna fjarlægðar frá Oddgeirshólavegi nr. 304. Frestur frá Innviðaráðuneyti vegna umsagnarinnar var veittur til 7. febrúar 2023.

Með vísan til 12. mgr. 45. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 óskar sveitarstjórn Flóahrepps eftir undanþágu frá gr. 5.3.2.5, lið d í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 um fjarlægð bygginga frá stofn og tengivegum, vegna fimm byggingarreita iðnaðarhúsa á athafnarsvæði við Oddgeirshólaveg sem er skv. Aðalskipulagi skráður sem héraðsvegur.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

7. Erindi frá Hreggviði Hermannssyni til sveitarstjórnar Flóahrepps

Fyrir liggur erindi frá Hreggviði Hermannssyni varðandi þá fyrirætlun Vegagerðarinnar að taka slóða á milli Oddgeirshóla og Langholts að nýju inn á vegaskrá. Sveitarstjóri Flóahrepps sendi erindi á Vegagerðina þann 1. september 2022 þar sem bent var á slæmt ástand vega í Flóahreppi og möguleikann á að setja hluta vegar nr. 304 á vegaskrá. Óskað er eftir svörum frá Vegagerðinni um möguleikann á því að fá hluta Oddgeirshólavegar nr. 304 aftur inn á vegaskrá. Í erindinu er sú ósk rökstudd með því að hægt sé að stytta akstursleiðir skólábíla umtalsvert og að það komi til með að auka öryggi vegfarenda. Þann 4. nóvember 2022 upplýsir svæðisstjóri Vegagerðarinnar sveitarstjóra Flóahrepps um að Vegagerðin sé að undirbúa það að taka veginn aftur inn á vegaskrá og að send verði bréf á viðkomandi landeigendur til að upplýsa um þá breytingu.

Sveitarstjórn þakkar fyrir innsent erindi. Vegagerðin sér um veghald á héraðsvegum í sveitarfélaginu og tekur ákvarðanir um vegi á vegaskrá. Varðandi uppbyggingu og tengingar við veginn er sendanda erindis bent á að hafa samband við Vegagerðina til að óska svara eða frekari upplýsinga.

Samþykkt með 5 atkvæðum

8. Siðareglur kjörinna fulltrúa í Flóahreppi

Fyrir liggja siðareglur kjörinna fulltrúa í Flóahreppi sem samþykktar voru í sveitarstjórn Flóahrepps þann 9. júní 2020. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við núgildandi siðareglur en leggur áherslu á að formenn nefnda og ráða á vegum sveitarfélagsins kynni þær vel innan sinna nefnda og ráða.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

9. Umsagnarbeiðni – Rekstrarleyfi; Umsókn um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II – G Íbúðir

Fyrir liggur beiðni um umsögn vegna umsóknar um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II – G Íbúðir í Önundarholti, fasteignanúmer 220-0164.

Beiðni um umsögn sveitarstjórnar vegna umsóknar er frestað þar til umsagnir frá öðrum umsagnaraðilum liggja fyrir.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

10. Fulltrúar í sameiginlegt öldungaráð

Samkvæmt samþykktum um stjórn sveitarfélagsins Flóahrepps skal tilnefna einn fulltrúa og annan til vara í sameiginlegt öldungaráð Flóahrepps, Bláskógabyggðar, Grímsnes- og Grafningshrepps, Hrunamannahrepps og Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að Elín Höskuldsdóttir verði aðalmaður í öldungaráði og Helena Hólm varamaður.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

11. Vistunargjöld í leikskólanum Krakkaborg

Á fundum fræðslunefndar frá 20.09.2022 og 25.10.2022 var hvatt til þess að gjaldskrá leikskólans Krakkaborgar yrði stillt í hóf. Skv. upplýsingum frá leikskólastjóra eru leikskólagjöld hæst hér samanborið við nágrannasveitarfélög. Sveitarstjórn Flóahrepps fjallaði um gjaldskrá leikskólans í fjárhagsáætlunargerð fyrir árið 2023 og ákvað að hækka fæðisgjald um 9,3% frá 1. febrúar 2023 til að mæta hækkuðu verðlagi en ákveðið var að bíða með ákvörðun varðandi vistunargjöld. Ljóst er að fæðisgjöldin í Krakkaborg eru lægri en hjá flestum nágrannasveitarfélögum okkar en vistunargjöldin eru hærri samanborið við leikskóla af svipaðri stærð.

Sveitarstjórn Flóahrepps hyggst skoða nánar uppbyggingu gjaldskrár Krakkaborgar varðandi vistunargjöld og samþykkir að ekki verði gerð vísitölhækkun frá 1. febrúar á vistunargjöldum eins og ætti að vera miðað við gildandi gjaldskrá. Sveitarstjóra falið að finna fundartíma í samráði við formann fræðslunefndar vegna málsins.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

12. Umsagnarbeiðni – Beiðni um umsögn vegna umsóknar um leyfi til sölu áfengis á framleiðslustað

Lögð fram að nýju beiðni um umsögn frá sveitarstjórn vegna umsóknar Ölvisholts ehf. um leyfi til sölu áfengis á framleiðslustað í Ölvisholti, Flóahreppi með vísan til 6. gr. a. áfengislaga nr. 74/1998, sbr. 35/2022, og 5. gr. reglugerðar nr. 800/2022 um sölu áfengis á framleiðslustað. Gerð var athugasemd af fulltrúa sýslumanns vegna fyrirvara um aðrar umsagnir sem sveitarstjórn setti í fyrri umsögn.

Sveitarstjórn Flóahrepps gerir ekki athugasemd við veitingu leyfis til sölu áfengis á framleiðslustað í Ölvisholti, Flóahreppi með vísan til 6. gr. a. áfengislaga nr. 74/1998, sbr. 35/2022, og 5. gr. reglugerðar nr. 800/2022 um sölu áfengis á framleiðslustað.

Samþykkt með 5 atkvæðum

13. Fundargerðir:

- a) Sveitarstjórnar Flóahrepps nr. 274, dags. 10.01.2023
- b) Fræðslunefndar Flóahrepps nr. 140, dags. 17.01.2023
- c) Stjórnar Bergisans nr. 47, dags. 30.11.2022 og nr. 48, dags. 19.12.2022
- d) Stjórnar Arnardrangs hses nr. 1, dags. 19.12.2022
- e) Félagsfundar Sorpstöðvar Suðurlands dags. 04.01.2023
- f) Héraðsnefndar Árnesinga nr. 28, dags. 10.01.2023

Fyrir liggur til kynningar fundargerð aukafundar Héraðsnefndar Árnesinga frá 10.01.2023 ásamt bréfi frá formanni framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar, Helga Kjartanssyni, dags. 16.01.2023 til afgreiðslu sveitarstjórnar er varðar húsnæðismál Héraðsskjalasafns Árnesinga.

Í fyrirliggjandi bréfi er óskað eftir samþykki sveitarstjórna sem að Héraðsnefndinni standa á kaupum og þeim lánsskuldbindingum sem þeim fylgja vegna kaupa á Hellismýri 8 í Sveitarfélaginu Árborg, fyrir starfsemi Héraðsskjalasafnsins. Einnig er óskað eftir samþykki fyrir því að ráðist verði í framkvæmdir á Hellismýri 8 til að koma húsinu í starfshæft ástand fyrir starfsemi Héraðsskjalasafnsins.

Sveitarstjórn Flóahrepps fagnar því að lausn varðandi húsnæðismál Héraðsskjalasafns sé í sjónmáli og tekur jákvætt í erindi formanns framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar. Þar sem eitt af aðildarsveitarfélögum hefur óskað eftir því að endanlegur kostnaður fyrir starfshæft húsnæði liggja fyrir áður en erindi er samþykkt er ljóst að staðfesting á framkvæmdum, kaupum og lánskuldbindingum gengur ekki í gegn fyrr en þær upplýsingar liggja fyrir. Sveitarstjórn Flóahrepps mun taka erindið upp að nýju þegar svör við umbeðnum upplýsingum liggja fyrir og kallar til aukafundar ef þörf verður á til að fjalla um erindið.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

- g) Almannaþingarnefndar Árnassýslu dags. 17.01.2023
- h) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga nr. 917, dags. 20.01.2023 og nr. 918, dags. 27.01.2023
- i) Heilbrigðisnefndar Suðurlands nr. 224, dags. 20.01.2023
- j) Stjórnar SASS nr. 591, dags. 13.01.2023
- k) Stjórnar byggðasamlagsins Skóla- og velferðarþjónustu Árneshlíða bs. dags. 31.01.2023
- l) Skólaþjónustu- og velferðarnefndar nr. 59, dags. 24.01.2023
Varðandi lið 3. a) Tillaga að breyttri gjaldskrá vegna fjárhagsaðstoðar. Sveitarstjórn samþykkir að fjárhagsaðstoð verði hækkuð í samræmi við hækkun á vísitölu neysluverðs (9,3%) frá og með 1. mars 2023. Grunnfjárhæð fyrir einstakling verði 196.740 kr.
Varðandi lið 3. b) Tillaga að breyttri gjaldskrá vegna stuðningsfjölskyldna, afgreiðslu er frestað þar til stjórn Bergrisans bs hefur fjallað um gjaldskrá vegna stuðningsfjölskyldna.
Varðandi lið 3. c) Tillaga að breyttri gjaldskrá heimaþjónustu. Sveitarstjórn samþykkir að gjaldskrá heimaþjónustu hækki um 9,3%. Lægra gjald verði 694 kr á tímann og herra gjald 984 kr á tímann.
Fundargerðin var lögð fram til kynningar hvað aðra liði varðar.
Samþykkt með 5 atkvæðum.
- m) Vegna samstarfsverkefnis Grímsnes- og Grafningshrepps, Árborgar og Flóahrepps um vatnsöflun í Kaldárhöfða.
- n) Stjórnar byggðasamlags UTU nr. 97, dags. 19.12.2022

14. Efni til kynningar

- a) Boðun XXXVII. Landsþings sambandsins
- b) Frá Innviðaráðuneyti: Leiðbeiningar og fyrirmynd varðandi stefnu um þjónustustig
- c) Tillaga til kynningar: Svæðisskipulag Suðrhálendis
- d) Umdæmisráð barnaverndar – undirritaður samningur
- e) Minnisblað vegna innleiðingar hringrásarhagkerfis frá HMS og Sambandi íslenskra sveitarfélaga
- f) Boð á árlega ráðstefnu Almannaþinga dags. 27.04.2023
- g) Tilkynning frá mennta- og barnamálaráðuneytinu vegna sérdeildar Suðurlands
- h) Sérdeild Suðurlands, Setrið, uppsögn á þjónustusamningi
- i) Næsti fundur sveitarstjórnar verður 7. mars 2023 kl. 9:00 í Þingborg.

15. Trúnaðarmál

Máli frestað til næsta fundar.

Árni Eiríksson (sign)

Walter Fannar Kristjánsson (sign)

Elín Höskuldsdóttir (sign)

Hulda Kristjánsdóttir (sign)

Harpa Magnúsdóttir (sign)